



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL FORSETA RÚSSLANDS

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sendi í dag, miðvikudaginn 5. apríl 2017, samúðarkveðju fyrir hönd íslensku þjóðarinnar til Vladímírs Pútíns, forseta Rússlands, vegna hryðjuverksins í lestarstöð í St. Pétursborg.

Í kveðju forseta segir að hugur Íslendinga sé hjá fjölskyldum og vinum þeirra sem týndu lífi í árásinni og þeirra sem glíma við afleiðingar hennar á sjúkrahúsum. Brýnt sé að þjóðir heims taki höndum saman í baráttunni gegn hryðjuverkum og leiti hvarvetna friðsamlegra lausna.

Þess má geta að forseti Íslands átti viðræðufund með Pútín forseta fyrir fáeinum dögum í Arkhangelsk.

5. apríl 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).